

## Fréttablað september 2020



### Starfsmannamál

Eftir sumarfrí hafa orðið tilfærslur á milli deilda og eru deildirnar skipaðar á eftirfarandi hátt:

**Álfaheimar:** Hallfríður Snorradóttir deildarstjóri, Sandra Björk Bjarnadóttir leikskólaliði, María Árnadóttir leikskólaliði og Katrín Ósk Sigurgeirsdóttir leiðbeinandi.

**Dvergaheimar:** Helena Helgadóttir deildarstjóri, Sjöfn Ísakadóttir leikskólaliði, Anna Dís Ragnarsdóttir leiðbeinandi og Dagrún Inga Jónsdóttir leiðbeinandi.

**Hulduheimar:** Margrét Björg Jónsdóttir deildarstjóri, Ásta Kr. Jensdóttir leikskólaliði sinnir stuðningi, Sylwia Brulinska háskólamenntaður starfsmaður B og Jóhanna Kristín Aðalsteinsdóttir leiðbeinandi.

**Tröllaheimar:** Ingibjörg Aðalsteinsdóttir deildarstjóri, Janina Sophia Witzel leiðbeinandi, Jóna Eydís Jónsdóttir félagsliði/stuðningsfulltrúi, Hólmfríður Garðarsdóttir leikskólaliði og Júlía Káradóttir leikskólaliði sinnir stuðningi.

**Ásheimar:** Helena Jóhannsdóttir deildarstjóri, Arna Dögg Sturludóttir leiðbeinandi, Jóna Svava Karlsdóttir félagsliði og Ewa Sieminska leiðbeinandi.

**Goðheimar:** Svala Ósk Sævarsdóttir deildarstjóri, Hafdís Þorgilsdóttir leikskólaliði, Dís Bjarney Kristinsdóttir leiðbeinandi og Sunna Ýr Sturludóttir leiðbeinandi.

**Eldhús.** Róbert Þór Gunnarsson kokkur, Margrét Sigurðardóttir starfsmaður, Sólrún Björk Eiríksdóttir starfsmaður og Sigríður Karlsdóttir starfsmaður.

**Annað starfsfólk:** Elsa Þorgilsdóttir starfandi leikskólastjóri, Ásta Pálmadóttir sérkennslustjóri, Júlíana Ármannsdóttir uppeldis- og menntunarfræðingur sinnir sérkennslu, Lidija Blazevicene grunnskólakennari sinnir afleysingu, Kim Sorning leiðbeinandi sinnir afleysingu. Í vetur verða Anna Dís, Dís Bjarney og Jóna Eydís í leikskólaliðanámi, Júlía og Sunna Ýr í fjarnámi í leikskólakennaranámi og Jóhanna Kristín í gunnnámi grunnskólakennara.

### Aðlögun nýrra barna

Aðlögun nýrra barna hófst að loknu sumarleyfi og gengur vel. Verið er að aðlaga ný börn mest á yngstu deildirnar en þó komu nokkur ný á aðrar deildir.

### Skipulag skila

Ákveðið hefur verið að í lok dags sameinast allar deildir á Hulduheimum og öllum börnum skilað þar.

### Íþróttir

Fyrsti tíminn í íþróttahúsinu er fimmtudaginn 10. sept. **Á fimmtudögum er mikilvægt að börnin séu í þægilegum fatnaði svo þau geti að mestu klætt sig sjálf í og úr fötunum.** Í íþróttahúsinu eru stöðvar sem eru eins í nokkrar vikur og á milli er frjáls tími. Á hverri stöð er mismunandi færni þjálfuð. Börnin á Ás- og Dvergaheimum munu vera í íþróttum í sal leikskólans. **Muna að koma með stuttboxur fyrir 10. september sem verða geymdar í leikskólanum.**

### Talmeinafræðingur

Ólöf Gunnarsdóttir talmeinafræðingur hefur verið ráðin í 50% starf hjá sveitarfélaginu og mun sinna bæði leik- og grunnskólanum í vetur. Hún mun sinna að einhverju leiti þjálfun hjá börnum sem þurfa á því að halda og auk þess veitir sérkennslustjóra ráðgjöf um áframhaldandi vinnu með hverju barni fyrir sig.

### Litadagar

Litadagar verða samkvæmt skóladagatali 4. september **appelsínugulur** dagur, 2. október er **bleikur** dagur, 6. nóvember er **grænn** dagur, 4. desember **rauður** dagur, 8. janúar er **fjólublár** dagur, 5. febrúar er **röndóttur** dagur, 5. mars er **svartur** dagur.

### Söngstund og rugldagur

Hafdís og Arna Dögg sjá um söngstundina í vetur og verður hún með svipuðu sniði og áður með blöndu af söng þar sem setið er og hreyfilögum. Söngstundir verða í salnum á föstudögum nema þegar rugldagur er. Rugldagur er þannig að opið er á milli inn á eldri deildir en yngstu börnin munu taka þátt eins og aldur þeirra og þroski leyfir. Við munum þó ekki hefja söngstundir fyrir en fjöldatakmörkum verður aflétt vegna Covid.

### **Matjurtagarðar**

Í vor var ýmislegt sett í matjurtagarðinn og má þar nefna kartöflur og gulrætur ásamt fleiru, sem verður tekið upp fljótlega. Það að setja niður í matjurtagarðinn kemur inn á hina ýmsu námsþætti t.d. náttúru og vísindi. Það er að sjá eina kartöflu verða að mörgum, eins að sjá eitt lítil fræ verða að káli. Nemendur hafa einnig verið að týna ber af trjánum í garðinum en þar vaxa rifsber og sólber sem þau hafa verið að gæða sér á.

### **Samstarf**

Vonandi getum við verið í samstarfi við tónlistarskólann og Félag eldri borgara eins og undanfarin en verðum að meta það út frá Covid hvenær við hefjum samstarf. Þá verða heimsóknir milli elstu barna leikskólans og 1. bekkjar reglulega í vetur.

### **Foreldrakönnun**

Foreldrakönnun frá Hjallastefnunni verður send út á næstu dögum og í kjölfarið verða haldnir foreldrafundir á deildum, nánari tímasetning auglýst síðar.

Vika 1.-5. september

4. sept. appelsínugulur litadagur.
------------------------------------

Vika 6. -12. september

8. sept. dagur læsis
----------------------

10. sept. fyrsti íþróttatíminn, muna eftir þægilegum fatnaði og stuttbuxum.
---

Vikan 13.-19. september

16. sept. dagur íslenskrar náttúru.
-------------------------------------

17. sept. íþróttir í íþróttahúsinu, muna eftir þægilegum fatnaði
--

18. sept. söngstund.
----------------------

Vika 20.-26. september

24. sept. íþróttir í íþróttahúsinu, muna eftir þægilegum fatnaði
--

26. sept. evrópski tungumáladagurinn
--------------------------------------

Með kveðju  
Elsa starfandi leikskólastjóri